



Tillögur að fundarefni

1. Skemmtilegheit
 - ✓ Hvað langar okkur foreldra og börn í þessum bekk að gera saman í vetur? Veljið nokkur atriði úr þeim tillögum sem koma fram.
2. Nám og kennsla
 - ✓ Er heimanámið of mikið eða of lítið?
 - ✓ Hvernig er hægt að nota heimilistölvuna í námi?
 - ✓ Ágætt að fá kennarann til að leggja til spurningar í þessum efnum.
3. Umhverfi og líðan barnanna í skólanum
 - ✓ Hvernig er aðbúnaður og öryggi barnanna í skólanum t.d. gæsla í frímínútum?
 - ✓ Er mikill hávaði í kennslustofunni eða matsalnum?
 - ✓ Hvert er næringargildi skólamáltíðarinnar?
 - ✓ Hvernig líður börnunum í skólanum?
 - ✓ Hvernig er bekkjarandinn?
 - ✓ Hvernig er kosið í nemendaráð?
4. Uppeldi
 - ✓ Hvað er hæfilegt að bekkjarpartí og afmæli standi lengi?
 - ✓ Mikilvægi þess að virða útivistartímann.
 - ✓ Hvað eigum við að gera ef einhver fer að fíkta við reykingar?
 - ✓ Er kominn tími til að við gerum samning okkar á milli, Foreldrasamning?
 - ✓ Eigum við að gera átak í því að minnka gospambið? Hvað er t.d. hæfilegur skammtur í skíðaferð eða á bekkjarkvöldi?
 - ✓ Er viðeigandi að sameina reglur um síma- og tölvunotkun (MSN)?
 - ✓ Foreldrasáttmálinn kynntur og ræddur
5. Önnur umræðuefni:
 - ✓ Nefnið þrennt gott og jákvætt við þennan skóla (bekk) og nefnið tvennt sem betur mætti fara.
Kostirnir teknir fyrst hjá öllum hópum og skráðir á töfluna og gallarnir bókaðir í annan dálk. Það gæti verið verkefni stjórnar foreldrafélagsins að vinna að úrbótum í samvinnu við starfsmenn skólans.

Fundargerð

Mikilvægt er að skrá allar niðurstöður og ákvarðanir sem teknar eru og senda til allra foreldra. Kynna niðurstöður einnig í bekknum svo að allir nemendur viti hvað er ákveðið.

Stundvísi

Ef fundarlok eru auglýst á ákveðnum tíma er nauðsynlegt að gæta vel að tímanum og slíta fundi. Þeir sem vilja geta staldrað við og rappað lengur eftir það.